



Ársskýrsla
ársreikningur
2005

Efnisyfirlit.

Inngangur.....	bls. 1
Helstu kostnaðarliðir.....	bls. 2
Helstu framkvæmdir	bls. 4
Rannsóknir og þróun.....	bls. 6
Asparklónasöfnun.....	bls. 8
Aspartilraun.....	bls. 9
Úrvalstré af ryenivið.....	bls. 9
Vestfjarðareyniviður.....	bls. 9
Ráðstefnur og fræðsla	bls. 10
Útgáfustarfsemi.....	bls. 12
Stjórn Skjólskóga og fundargerðir stjórnar.....	bls. 13
Ársreikningur 2005.....	bls. 15

Inngangur.

Árið 2005 var að flestu leyti hefðbundið starfsár. Heldur meira var gróðursett á árinu en undanfarin ár og nokkur kippur kom í skjólbeltagerð.

Alls voru gróðursettar 354.000 skógarplöntur og um 10.000 eru geymdar til næsta árs enda varð haustgróðursetning endasleppt þar sem vetur gekk óvenju snemma í garð. Gerður var samningur um skógrækt á 10 nýjum lögbýlum og eru þar með 50 jarðir með samning við verkefnið.

Sömu starfsmenn unnu hjá verkefninu og í sama starfshlutfalli en kostnaður vegna aksturs óx töluvert á árinu.

Kostnaður ársins hækkaði umtalsvert frá fyrra ári, einkum vegna meiri framkvæmda og jókst uppsafnaður halli þar af leiðandi (sjá ársreikning) í stað þess að lækka.



Þetta gengur !


Sitkagreni í Barmahlíð í Reykhólsaveit 1980 (tv) og 2002 (th).

Ljós. Sig.Blöndal fyrrv.skógræktarstjóri.

Helstu kostnaðarliðir.

Framlög af fjárlögum 2005 til Skjólskóga voru 46.900.000 kr. og höfðu hækkað um 3,7 milljónir frá árinu áður eða 8,5 %.


Ekki hefur verið jafn vöxtur í framlagi til verkefnisins. Erfitt er að halda áætlun þegar ekki er vitað um framlög næsta árs (niðurskurð eða hækking), fyrr en með hálfis árs fyrirvara, en samningar um t.d. plöntukaup eru gerðir 1-2 ár fram í tímann.



Rekstrargjöld voru 51.178.720 kr. og höfðu hækkað um 9.5 milljónir eða um 22 % milli ára. Bein framlög til skógræktar hækkuðu úr 20 m.kr í 23.3 eða um 15 %. og voru 45.5 % af öllum kostnaði.


Annar framkvæmdakostnaður hækkaði úr 3.7 m.kr. í 6.4 m. Almennur rekstur hækkaði úr 3.8 m.kr. í 6.2 m. en þar munar mestu um útgáfu fræðslurits um skjólbelti og ráðstefnuhald á Núpi. Starfsmannakostnaður hækkaði úr 14.1 m.kr. í 15.2 m. Tekjur uxu úr 0.5 m.kr. í 1.7 m. aðallega tekjur af ráðstefnu og útgáfu.

Á súluritinu hér að neðan sést þróun kostnaðarpátta við rekstur Skjólskóga.



Eins og fram kemur framur er ekki jafn vöxtur í framlögum til verkefnisins en aftur á móti er kostnaður farinn að verða mjög háður framkvæmdum eftir því sem þær aukast að umfangi. Stefnan hefur að sjálfsögðu verið sú að auka framkvæmdir í samræmi við

tilgang verkefnisins, en ljóst má vera að áætlanir þurfa að taka mun meira mið af líklegum fjárveitingum næstu ára fremur en áætlun um skógrækt í landshlutanum til 2040.



Á árinu 2002 varð raun lækkun á framlögum til verkefnisins, einmitt á því ári sem gert hafði verið ráð fyrir talsverðri aukningu. Svipað en í minna mæli gerðist árið 2004 og halli sem af þessu myndaðist er enn að hrjá verkefnið og ljóst að framkvæmdir geta ekki aukist á árinu 2006 þótt gert sé ráð fyrir tveggja milj. kr. hækkun á fjárlögum.

Helstu framkvæmdir:


Á árinu lauk framkvæmdum (fyrsta gróðursetning) á 3 jörðum á starfssvæðinu; Ketilseyri, Breiðilækur, Seftjörn, Bakki í Bjarnafirði, Mýratunga í Reykhólasveit. Úttekt fer fram á framkvæmdum þessara jarða á næstu árum og á þeim grundvelli verður mælt fyrir um frekari framkvæmdir svo sem áburðargjöf og íbætur.

Á árinu voru gerðir samningar um skógrækt á 10 nýjum jörðum: Þessar jarðir eru:

Birnustaðir, Laugardal í Djúpi	92,9 ha.	Bær I í Kaldrananeshreppi	80,0 ha.
Drangar í Dýrafirði	66,7 ha.	Fremri Gufudalur í Reykh.sv.	15,6 ha.
Horn, Mosdal í Arnarfirði	52,3 ha.	Kjaranstaðir í Dýrafirði	78,8 ha.
Otradalur Arnarfirði	111,3 ha.	Sandnes í Steingrímsfirði	84,5 ha.
Skjaldvararfoss á Barðaströnd	42,0 ha.	Skógar í Þorskafirði	86,0 ha.


Þetta eru alls 650 hektarar og nú hefur verið samið um skógrækt á 2.344 ha, þar af 1.336 ha þar sem framtíðar nytjar er afurðir skógarins sjálfs s.s. timbur.

Árleg gróðursetning hefur aukist hægt síðustu ár en heldur miðar þó uppá við.



Tegund	Fjöldi 2005
Ilmbjörk	100.840
Sitkagreni/S.bast.	60.000
Hvítgreni	8.000
Blágreni	10.000
Svartgreni	5.000
Rússalerki	40.880
Mýralerki	5.000
Evrópulerki	5.020
Fjallalerki	160
Stafafura	10.000
Bergfura	9.680
Lindifura	4.920
Alaskaösp	41.000
Reyniviður	12.055
Selja	175
Fjallapínur	385
Marpöll	1.000
Græn /Sitkaelri	5.000
Blæelri	5.000
Loðvíðir	2.320
Jörvavíðir	3.045
Gul./Strandavíðir	11.295
Heggstaðavíðir	8.950
Alaskavíðir	3.545
Körfuvíðir	385
Ýmasar tegundir	665
Samtals:	354.320

Samtals voru gróðursettar 356.325 skógarplöntur á árinu og stungið um 20.000 græðlingum í skjólbelti.



Hlutfall tegunda er svipað og fyrr, en reyniviðurinn er þó orðin sýnilegri í tölum a.m.k.



Skógrækt er púl..

Rannsóknir og þróun

Vetrargeymsla

Frá upphafi Skjólskóga hefur verið ljóst að plöntum bregður við það að koma vestur í harðræðið úr sveitum þar sem vorin eru hlýrri. Þó tók steininn úr vorið 2001, þegar gerði ískalt norðaustan bál, daginn eftir að plöntum var skilað frá Suðurlandi allaufguðum. Í framhaldi af þessu datt okkur í hug að betra væri að fá plönturnar að hausti og geyma þær hér til vors þannig að upphaf vaxtartímans væri meira í takt við aðstæður á starfssvæði Skjólskóga. Til að koma í veg fyrir vetrarskemmdir af skaraveðrum og frosti var brugðið á það ráð að geyma plönturnar þar sem örugglega myndast snjóskafli, hvernig sem annars færi með vetrarveðrin.

Vorkal í lerkiplöntum frá gróðrarstöð >



Gerð var tilraun veturinn 2002-2003 og þá kom farmur af lerki og greni, um 30.000 plöntur, í lok nóvember. Plönturnar fóru undir snjó mánuði síðar og komu ekki upp úr snjónum fyrr en í apríl. Aðeins bar á snjóbroti á greni, en að öðru leyti komu þær mjög vel til. Þetta sama sumar bar svo við að Sunnlendingar höfðu fengið einhverjar þær veðuraðstæður að greni sem var hjá þeim í vetrargeymslu var illa rôtarkalið eftir veturinn. Til samanburðar voru plönturnar úr snjóskaflinum algerlega lausar við rôtarkal og kom munurinn á þessum tveimur geymsluaðferðum æ betur í ljós eftir því sem leið á sumarið. Sömuleiðis hafði lerki orðið fyrir talsverðum toppskemmdum sunnanlands en ekkert bar á því hér. Síðan hefur sífellt verið tekið meira af plöntum norður að hausti og hefur reynslan verið góð að því frátöldu að smávegis af greni hefur brotnað þegar skipst hafa á píðu- og snjóakaflar í upphafi vetrar, þannig að neðsta lagið af snjónum hefur orðið mjög þétt og þungt.

Rótarkal að koma fram á greniplöntum (1 og 2 fv.) sem ekki sá neitt á við afhendingu. Plantan lengst th. var yfirvetruð í snjóskafli í Bjarnarfirði >



Þá er komið að næsta áfanga – að geyma plönturnar í myrku, köldu fjárhúsi til þess að losna við snjóbrott. Helstu áhyggjurnar voru af rôtarkali, þar sem myndi næða undir grindur og einnig er hættu á að það hlýni of mikið í húsunum snemma vors, plönturnar fari of snemma af stað og/eða þorni ef öndun verður of mikil. Húsið

sem um er að ræða er einangrað í þakið og mælingar sýna að frostið helst þar langt fram á vor, ef ekki er opnað út. Til að varna rôtarkali hafa steinullarmottur verið lagðar á grindurnar, undir plöntubakkana og einnig hefur smávegis af snjó verið mokað inn á bakkana í upphafi geymslutímans.

Gerð var tilraun með þetta veturinn 2004-2005 og olli það miklum áhyggjum þegar brast á með hlýindaskeiði rétt eftir áramót. Frostið hélst samt á plöntunum og einu skemmdirnar voru í því horninu á stæðunni sem ljós hafði náð að skína inn um glugga fram eftir vetri, áður en hann var myrkvaður. Veturinn 2005-2006 er megnið af greniplöntum inni, liðlega 100 þúsund ásamt 10-15 þúsund lerkiplöntum. Utanhúss, í snjóskafli, eru um 30 þúsund lerkiplöntur, 30 þúsund greni og 10 þúsund elri plöntur. Venjulega tökum við plönturnar vestur í lok nóvember og hreyfum þær ekki fyrr en um miðjan maí en um svipað leyti höfum við byrjað að flytja plöntur að sunnan og vestur að vori. Þær eru því í einangruðum húsum eða snjóskafli í 5-6 mánuði.

Plöntur sem eru framleiddar í gróðrarstöðvum á Vestfjörðum (150.000 árið 2004) eru staddar á "réttu róli" þegar kemur að afhendingu þótt svo að sjálfsögðu geti orðið einhver vanhöld í hretum. Plöntur að sunnan sem eru yfirvetraðar á svæðinu eru á sama hátt í takt við tíðina hér þegar kemur að afhendingu.

Annar praktískur kostur fæst með þessu móti en það er að plönturnar eru ef svo má segja mættar á svæðið að vori og auðveldara að fragta þær út á lagera þegar hentar, en stundum hafa jafnvel þungatakmarkanir truflað flutninga að vori.

Þar sem útboð er orðin regla í plöntuframleiðslu er ekki hægt að gera ráð fyrir að plönturnar séu framleiddar í næsta nágrenni við notkunarstað, en þessi aðferð við geymslu léttir nokkuð á ati við að koma milljónum plantna þvers og kruss um landið á nokkrum vorvikum.

Greniplöntur í vetrar-geymslu í fjárhúsi. Lambakjötið hefur vafalaust fengið í sig góðan jólailm við þetta tækifæri.



Asparklónasöfnun

Á árunum 1992 – 1993 kom Skógrækt ríkisins á fót tilraun með asparklóna á Læk í Dýrafirði og fleiri stöðum á landinu. Tilgangurinn er að finna út hvaða klónar vaxa best í hverjum landshluta. Fyrstu niðurstöður gefa víbendingar um að ákveðnir klónar, flestir frá sama svæði í Alaska, séu betri en aðrir á Vestfjörðum. Það hefur hins vegar verið erfiðleikum bundið að ná græðlingum af þessum klónum vegna þess að mikið er nú plantað af ösp og fá skipulögð klónasöfn eru til á landinu. Því var brugðið á það

ráð að safna græðlingum af vænlegum klónum á Hallormsstað og við Mógilsá í samvinnu við Þórarinn Bendikz sérfræðing á rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá. Af græðlingunum voru síðan framleiddar plöntur og stungið í skipulögð og vel merkt klónasöfn á Svanshóli og Bakka í Bjarnarfirði. Vonast er til að í þessum söfnum sé efniviður sem nýta má til asparræktunar sem víðast á Vestfjörðum í náinni framtíð.

Hallfríður og Þórarinn í klónasafninu á Hallormsstað.



Klónasafnið á Svanshóli



Aspartilraun

Í framhaldi af innreið asparryðsins hefur Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá, í samvinnu við landshlutabundin skógræktarverkefni o.fl., hleypt af stökkunum verkefni sem felst meðal annars í því að leita uppi og fjölga þeim klónum af alaskaösp sem virðast hafa mesta mótstöðu gegn ryðsveppnum. Einnig hafa þeir félagar, Guðmundur Halldórsson og Halldór Sverrisson sem stýra verkefninu, framleitt nýtt efni sem eru stýrðar víxlanir af þessum klónum. Sumarið 2005 var tilraun með þessu kynbótaefni gróðursett á Svanshóli, alls um 9.000 plöntur.

Séð yfir hluta tilraunasvæðisins á Svanshóli.



Úrvalstré af reynivið.

Skógrækt ríkisins hefur látið safna frægum af völdum úrvalstrjám af reynivið og eru eintök af safninu gróðursett í tilraunir um landið. Skjólaskógar létu planta safninu í tilraunasvæðið á Svanshóli og bættu við afkvæmum vestfirskra úrvalstrjáa úr Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi og Kerlingafirði í Barðastrandarsýslu. Verkefnisstjóri er Brynjar Skúlason, Norðurlandsskógum og samstarfsaðilar: Hrefna Jóhannesdóttir á Mógilsá og Jóhann Pálsson fyrrverandi garðyrkjustjóri Reykjavíkur-borgar.

7 m. reyniviður í Norðdal
í Arnarfirði.



Vestfjarðareyniviður.

Undanfarin ár hafa báðir framleiðendur skógarplantna á Vestfjörðum; Ós og Seftjörn safnað reyniberjum af reynitrjám úr villtum skógum víðsvegar um Vestfirði. Þroski og spírun er að sjálfsgöðu misjöfn milli ára en 2005 var í fyrsta sinn hægt að bjóða skógarbændum eitthvað verulegt magn af þessum plöntum eða rúmlega 12.000. Áfram verður haldið af fullum krafti við þessa framleiðslu enda mikilvægt að nota sem allra mest heimafengið efni af þessari úrvalstegund.




Ráðstefnur og fræðsla




Grænni Skógar á Vestfjörðum hófu göngu sína á árinu 2004 og á árinu var fram haldið samkvæmt áætlun. Grænni Skógar er námskeiðsröð fyrir skógarbændur sem stjórnað er af Landbúnaðarháskóla Íslands í samstarfi við landshlutabundin skógræktarverkefni og félög skógarbænda.

33 skógarbændur á Vestfjörðum stunda þetta nám og útskrifast á miðju ári 2007.



Í tengslum við námskeiðin Grænni skóga er verið að vinna alhliða kennslubók í skógrækt. Fjölmarginir aðilar koma að því verki, þ.á.m. Arnlín Óladóttir sem er í ritstjórn bókarinnar og hefur lagt ómælda vinnu í gerð hennar. Bókin mun koma út fyrri hluta árs 2006.



Grunnnámskeið í skógrækt fyrir nýja skógarbændur á starfssvæði Skjólsskóga var haldið í Reykhólaskóla 22. maí. 20 þátttakendur sóttu námskeiðið enda óvenju margir að fá samning við Skjólsskóga.

Grunnnámskeið er einn af forsendum þess að framkvæmdir geti hafist á nýjum jörðum.



AFFORNORD, Conference on Effects of Afforestation on Ecosystems, Landscape & Rural Development.

Ráðstefna í Reykholti dagana 18. – 22. júní á vegum Norræna ráðherraráðsins, Landbúnaðarháskóla Íslands,

Skógræktar ríkisins og Náttúrufræðistofnunnar. Starfsmenn Skjólsskóga sóttu þessa ráðstefnu.




Aðalfundur Félags skógarbænda á Vestfjörðum var haldinn á Tálknafirði þann 25. júní og aðalfundur Landssamtaka skógareigenda ásamt tilheyrandi ráðstefnu var haldin á Laugum í Sælingsdal helgina 24. og 25. ágúst. Framkvæmdastjóri sótti aðalfund skógarbænda á Vestfjörðum en einn starfsmanna átti heimangengt á aðalfund LSE.



Fræðaping landbúnaðarins var haldið í Reykjavík 2. og 3. mars. Kristján Jónsson sótti fræðaping að þessu sinni.


Árið 2005 þátttakandi



sérstaklega greina þau

lauk ENFORS verkefninu sem Arnlín hefur verið í fyrir Íslands hönd frá 2001. Verkefnið er evrópskt samstarfsverkefni og snýr að hlutverki skóga í landslagi, hvað varðar vatns- og jarðvegsvernd. Markmiðið var að viðfangsefni sem við er að etja á þessu sviði í hinum ýmsu Evrópulöndum, samræma aðferðarfræði og koma á fót gagnagrunni um landssvæði í álfunni, þar sem saman fer mikil skógrækt og önnur landnýting. Þessi gagnagrunnur mun nýtast til að koma á fót samræmdum rannsóknarverkefnum á þessu sviði og er birtur á vefsíðu verkefnisins: <http://www.enfors.org>

Skjólaskógar í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins stóðu fyrir ráðstefnu á Núpi í Dýrafirði dagana 16. og 17. mars. Yfir 80 manns sóttu ráðstefnuna og var góður rómur gerður að áhugaverðum fyrirlestrum.



Ráðstefnan bar heitið *Nýja bújörðin* og var sjónum einkum beint að samspili hefðbundins beitarráðgjafarar við aðra landnotkun s.s. skógrækt. Pallborðsumræður voru í lok hvors ráðstefnudags. Töluvert var fjallað um ráðstefnuna í fjölmiðlum fyrst á eftir. Kostnaður við ráðstefnuhaldið var samtals 588.388 kr. en tekjur af ráðstefnugjöldum 604.102 kr.

Erindi flutt á ráðstefnunni:

- Skjólaskógar – áhersluatriði.
Arlín Óladóttir, Skjólaskógum á Vestfjörðum.
- Silvopastoral Agroforestry in Northern Britain.
Alan Sibbald. "The UK Farm Woodland Forum".
- Hlutverk beitar í vistkerfi skóga.
Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands.
- Fjölbreytileiki í beittu, friðuðu og skóguðu landi.
Bjarni Diðrik Sigurðsson, Mógilsá.
- Hvað gerist við beitarfriðun ?
Ása L. Aradóttir, Kristín Svavarsdóttir, Landgræðslu ríkisins.
- Woods for shelter : The Farm Shelter Assessment.
Alistair MacLeod. Forestry Commission UK.
- Litið yfir sviðið.
Sæmundur Kr. Þorvaldsson, Skjólaskógum á Vestfjörðum.
- Hver á að gæta kindanna minna ?
Andrés Arnalds og Sveinbjörn Dagfinnsson, Landgræðslu ríkisins.
- Krafa um ábyrgð bænda á búfé, erfiðleikar skógræktar vegna lausagöngu.
Þorsteinn Pétusson skógarbóndi á Héraði, Landssamtökum skógareigenda.
- Lausaganga og varsla búfjár - lög, hefðir og hagsmunir; framtíðarsýn bænda.
Jóhannes Sigfússon, Landssamt. sauðfjárbænda, og Ólafur R. Dýrmondsson, BÍ.
- Íslenska sauðféð – sérstaða fjárstofns og búskaparháttar.
Emma Eyþórsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands.
- Beitarstjórnun; hefðir, hagar og gæði.
Björn Barkarson, Landgræðslu ríkisins.
- Lifað með landinu. Dregið saman og sett í samhengi,
Breytt eignarhald – Landnotkun – Búseta.
Bjarni Guðmundsson, Landbúnaðarháskóla Íslands.

Efni flestra fyrirlestra má kynna sér nánar á heimasíðu Skjólaskóga: skjolskogar.is

Útgáfustarfsemi

Skjólskógar á Vestfjörðum og Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá gáfu á árinu út íslenska þýðingu á 40 blaðsíðna riti um skjólbelti; **Skjólbelti - vörn gegn vindi.**

Upphaflega var ritið gefið út árið 2003 af ráðunautaþjónustu bandarísku skógstjórnarinnar (*Pacific Northwest Extension Publication*) undir heitinu „*Trees against the Wind*“.

Höfundar:

Donald P. Hanley, Ph.D., CF, WSU Extension Forester, og Gary Kuhn, MS., USDA-NRCS Agroforester.

Ritið er skrifað með aðstæður landbúnaðar í Norðvesturríkjum BNA í huga og fjallar það um hönnun, ræktun og viðhald vindbrjóta, skjólbeltakerfa og lifandi snjófangara. Það er athyglisvert að hér er einn þróaðasti og skilvirkasti landbúnaður veraldar að nýta sér kosti skjóllunda og skjólbelta, en það undirstrikar að skjólbeltafræðin eru síður en svo einskorðuð við smábúskap. Veðurfar á þessum slóðum er öfgakennt og erfitt trjágróðri, en jafnframt afar breytilegt innan og milli ríkja. Vetur eru fimbulkaldir og frost fer víða niður undir 50°C. Með kuldanum fylgja gjarnan hvassir heimskautavindar sem blása snjó suður yfir sléttur. Sumrin eru hins vegar víðast hvar heit og úrkomulítill. Skjólbeltarækt á þessum slóðum á sér langa sögu. Þær aðferðir sem lýst er í ritinu ættu að duga við fjölbreytilegar aðstæður, svo sem þær sem við búum við hér á landi. Ákveðið var að snara bæklingnum yfir á íslensku, án þess að staðfæra tegundaheiti eða aðlaga efni hans á annan hátt að íslenskum aðstæðum. Þannig geta lesendur kynnt sér þau vandamál sem við er að etja vestan hafs og hvernig brugðist er við þeim, enda bæði vandamálin og lausnirnar alþjóðlegar.

Sjá nánar á heimasíðu Skjólskóga: skjolskogar.is



Stjórn Skjólskóga:

Landbúnaðarráðherra skipaði nýja stjórn Skjólskóga á Vestfjörðum í byrjun árs þar sem fyrsta fjögurra ára skipunartíma var lokið. Ný stjórn situr út árið 2008. Stjórn skipa:

Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður. Formaður stjórnar.

Formaður er skipaður án tilnefningar,

Sighvatur Jón Þórarinnsson bóni á Höfða í Dýrafirði.

Tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vestfjörðum.

Aðalsteinn Sigurgeirsson forstöðumaður rannsóknarstöðvar SR. á Mógilsá.

Tilnefndur af Skógrækt ríkisins.

Eiður Thoroddsen rekstrarstjóri á Patreksfirði.

Tilnefndur af skógræktarfélagum á Vestfjörðum.

Stjórn Skjólskóga hélt 3 stjórnarfundum á árinu,

Fundargerðir 23.-25. fundar.

23. stjórnarfundur Skjólskóga

Fundartími: Mánudagur 21. mars 2005, kl. 16:30 – 18:00, Fundarstaður: Fundarstofa RALA, Keldnaholti Reykjavík. Mættir: Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Þórarinnsson, Sæmundur Þorvaldsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Eiður Thoroddsen.

Fundurinn er haldinn í framhaldi af ársfundi stjórna og framkvæmdastjóra landshluta-bundinna skógræktarverkefna með Landbúnaðarráðuneyti, þar sem m.a. voru kynnt ný frumvarpsdrög að lögum um verkefni (Halldór Jónsson hrl.).

1. Ársreikningur 2004 lagður fram, kynntur og ræddur. EOK gerði athugasemdir við hve illa kæmi fram raunverulegur kostnaður við framkvæmdir. Sæþ. kvað þetta stafa af bókunarlyklakerfi Ríkisbókhalds sem bókað er eftir, en þessar tölur væru dregnar sérstaklega saman í ársskýrslu. Samþykkt.
2. Ársskýrsla Skjólskóga 2004 kynnt og rædd. Samþykkt.
3. Rekstraráætlun 2005 lögð fram og rædd. Áætlunin gerir ráð fyrir 1. millj. króna tekjuafgangi að teknu tilliti til 3ja milljóna króna halla frá síðasta ári. Samþykkt.
4. Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. EOK lagði til að Skjólskógar gerðust stofnaðilar að háskólasetrinu, lögð fram skipulagsskrá og viðskiptahugmynd háskólasetursins. AS benti á að hugsanlega gætu Skjólskógar ekki gerst aðilar þar sem þeir væru ef til vill ekki ríkisstofnun heldur tímabundið verkefni. Um þetta atriði eru deilt innan ráðuneyta. Ákvörðun frestað til næsta fundar.
5. Styrkumsókn Rannsóknarstöðvar skógræktar vegna verkefnisins „Betri tré“. Þetta verkefni miðar að því að tryggja íslenskri trjárækt betri efnivið. Sá efniviður á að vera; a) sjúkdómapólinn, b) vaxa vel og áfallalaust, c) hafa gott byggingaform. Kostnaðaráætlun er 9.1 milljón króna og þar af er sótt um 1 milljón til landshluta-verkefna. Samkvæmt fyrri ákvörðun stjórnar kæmi í hlut Skjólskóga 10% eða eitt hundrað þúsund krónur. Umsóknin rædd, en ákvörðun frestað.

Fleira ekki gert. Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

24. stjórnarfundur Skjólskóga

Fundartími: fimmtudagur 7. júlí 2005, kl. 9:00 – 16:30

Fundarstaður: Skrifstofa Skjólskóga á Þingeyri

Mættir: Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Þórarinnsson, Jóhann Björn Arngrímsson og Sæmundur Þorvaldsson.

- 1 Fundargerð 22. og 23. fundar. Samþykktar
- 2 Ársreikningur Skjólskóga – Ríkisendurskoðun Annar ársreikningur 2004. Umræðu og afgreiðslu frestað.
- 3 Staða framkvæmda og fjárhagsáætlunar 2005 Reiknað með gróðursetningu 370 þús. plantna; búið er að gróðursetja 170 þús. Þriðjungur birki, sitkagreni/sitkabastarður að aukast en lerki að minnka. Nokkuð um skemmdir á rússalerki og alaskavíði. Stórar jarðir (s.s. Otradalur og Birnustaðir) eru að koma inn. Kynntar voru hugmyndir um þróun beitar- og skjólskóga á Kirkjubóli í Kirkjubólsdal í samvinnu við landeigendur. Sala á bæklingnum „Skjólbelti – Vörn gegn vindi.“
- 4 Tillögur að nýjum lögum fyrir landshlutabundin skógræktarverkefni. Athugasemdir sem fram komu: Alls ekki má fella burt setu fulltrúa (a) Skógræktar ríkisins og (b) skógræktarfélagi í hverjum landshluta, ef menn vilja fækka í stjórnun. 6. grein hefur pólitíska þýðingu fyrir velvild í garð verkefna og á að halda inni.
- 5 Sérstakt svæðisskipulag fyrir Skjólskóga á Vestfjörðum. Farið var gaumgæfilega yfir frumdrög að „Tillögu að sérstöku svæðisskipulagi fyrir Skjólskóga á Vestfjörðum“. Frumtillögur verða lagðar fram með haustinu.
- 6 Aðsend erindi
Kynnt var erindi frá verkefninu „Víkingar á Vestfjörðum“, að Skjólskógar styðji verkefnið með því að leggja því til 2000 skógarplöntur, að andvirði kr. 50 þús.
Kynnt var erindi frá „Minningarsjóði Flateyrar“ um fjárstyrk til plöntukaupa í Minningarreit. Sæþ falið að finna leiðir til þess að styðja þessi verkefni, að hámarki kr. 100 þús.
- 7 Önnur mál:
 - Áframhaldandi leiga á skrifstofuhúsnæði Skjólskóga. Sæþ falið að kanna hugmyndir leigusala um áframhaldandi leigu á svipuðum kjörum.
 - Erindi frá síðasta fundi (5. liður 23.fundar) styrkumsókn frá Rannsóknarstöðvar skógræktar vegna verkefnisins „Betri tré“. Samþykkt að veita styrk að upphæð 100.000 kr í þessa rannsókn.
 - Erindi frá síðast fundi: (4. liður 23.fundar). Samþykkt að Skjólskógar gerist stofnaðilar að Háskólasetri Vestfjarða á Ísafirði.
 - Sighvþ lagði til að haldnir yrðu fundir með haustinu með samningsbundnum skógarbændum til þess að efla samskipti og skýra vinnureglur og hlutverk skógarbænda sem framkvæmdaaðila. Ákveðið að stefna að slíkum fundum, á hverju svæði, í seinni hluta októbermánaðar.
 - Sighvþ spurði um uppgjörsmál við skógarbændur.
 - Upplýst var að skipt hefur verið um eignarhald á tveimur samningsbundnum jörðum, með þinglýstri kvöð á jörðinni.

Þingeyri, 7. júlí 2005

Aðalsteinn Sigurgeirsson

25. stjórnarfundur Skjólskóga

Fundartími: fimmtudagur 27. október 2005, kl. 11:00 – 16:30

Fundarstaður: Skrifstofa Skjólskóga á Þingeyri

Mættir: Aðalsteinn Sigurgeirsson, Einar Oddur kristjánsson, Eiður B. Thoroddsen, Sighvatur Þórarinnsson og Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

- 1 Afgreiðsla ársreiknings Skjólskóga 2004 (ríkisendurskoðun) Samþykkt.
- 2 Staða framkvæmda 2005, fjárlagafrumvarp 2006. 356 þús. Plöntur fóru í jörð, 7 þús. Komust ekki niður vegna (a) eignaskipta á Felli í Dýrafirði og (b) Sæbóls á Ingjaldssandi
Stefnt verður að því að uppsafnaður halli minnki
200 þús. varð að verja til tölvukaupa sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun
2005=46,7 m kr.; 2006=48,7 m skv. fjárlagafrumvarpi; hefði átt að vera 56 m ef þingsályktun hefði verið fylgt
Um 140 þúsund plöntur fyrir 2006 hafa verið fluttar í „frystigeymslu“ í Bjarnarfirði og Dýrafirði. Með því fæst 4% verðlækkun frá framleiðandanum, m.þ.a. draga úr áhættu á vorskemmdum. Framleiðendur sem samið verður við fyrir 2006: Kvistar, Moshlíð og Ytri-Ós. Framleiðslan fyrir 2007 verði sem mest boðin út.
- 3 Endurnýjaður húsaleigusamningur vegna skrifstofu Skjólskóga. 1. maí 2000: 35 þús. kr/mán. Skv. neysluvísitölu hefði leigan átt að hækka um 25,7% frá þessum tíma. Þá ætti leigan nú að vera 44 þús. kr. á mánuði (rúmlega 700 kr á m²). Finnabær notaður sem geymsla án leigu (óvíst um frh.). Hiti og rafmagn innifalið í leigu. Nota skal byggingavísitölu í stað neysluvísitölu.
- 4 Samningar um skógrækt á 9 jörðum
Birnustaðir, Laugadal í Djúpi. 73,5 ha timburskógrækt.
Bær I, Drangnesi. 80 ha timburskógrækt.
Drangar í Dýrafirði. 67,7 ha landbótaskógrækt. Snjóþungt og hætta á snjóflóðum. Einkum ætlað til tilrauna + upplýsingaskilti um birkiskógana.
Fremri Gufudalur, Reykhólasveit. 15,6 ha skjólbeltarækt.
Horn í Mosdal í Arnarfirði. Afar álitlegt land, 52,3 ha til timburskógræktar.
Kjaransstaðir. 78,8 ha timburskógrækt.
Sandnes í Steingrímsfirði. 84,5 ha timburskógrækt.
Seffjörn á Barðaströnd. 25,8 ha beitarskógur.
Skógar í Þorskafirði. 86,7 ha timburskógrækt.
Höfði í Dýrafirði. 300 ha; samningur milli „gömlu Skjólskóga“ og Landgræðslu ríkisins sem Skjólskógar á Vestfjörðum taka við.
- 5 Starfsmannamál, -starfshlutfall skógræðings.
Hugsanleg aukning á starfshlutfalli sérfræðings. Tillaga SæÞ að hækka starfshlutfall úr 67 % í 80%, hafa vinnutíma fastan (4 daga í viku). AÓ verði meiri fagmaður út á við og stundi skrif, ekki að hún taki aukinn þátt í framkvæmdum. AÓ er hætt hjá Náttúrustofu Vestfjarða og vill ekki fara í hærra starfshlutfall en 80%. Hugsanlega geta skjólskógar selt út vinnu sérfræðings. Samþykkt, en ekki má missa marks á því takmarki að draga úr hlutfalli launakostnaðar og auka hlut framkvæmda í heildarkostnaðinum.
- 6 Grænni skógar, fyrirhuguð námsferð til Skotlands ágúst 2006
Vestfirskir skógarbændur (33) munu fara til Skotlands og óska fjárstuðning til fararinnar. Niðurstaða: enginn styrkur til þátttakenda, umfram að í för verði starfsmaður Skjólskóga sem fararstjóri.
- 7 Drög að nýjum lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni
Athugasemdir Skjólskóga hafa verið teknar með í þeim frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir (Um tilnefningu stjórnarmanna og um 15% endurgreiðslu)

Bæst hefur við ákvæði um 2% gjald til að standa straum af skrifstofu og framkvæmdastjóra LSE

Ákvæði um viðurlög við vanefndum á samningi

Reglugerðardrög. Ráðherra vill að settar verði reglugerðir eins og fyrst var gert með Héraðsskóga og Suðurlandsskóga.

- 8 Sameining Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins, kynning á vinnu sem hafin er með sameiningu að markmiði.

EOK: Fara hægt, sporin hræða ef of geyst er farið í sakirnar. Sameining í Lb-stofnun, Lbhí, hafa engan mátt að fylgja eftir sameiningu. LHV eiga að vera landshlutabundin skógræktar- og landgræðsluverkefni. BBJ á ekki að setja svona fram í okkar nafni. Stærsti hluti í nýrri stofnun er rannsóknátturinn, síðan er umsýsla og stjórnarsýsla. Fráleitt að rannsóknir eigi að ganga inn í Lbhí en á jafnframt að vera rígbundið með traustum tengslum inn í Lbhí, því þessi háskóli er svo lífill. Getur spillt öllu ef við gerum of miklar fýsiskar breytingar, sbr. Flutningur Lb-stofnunar á Selfossi. Möguleikar ríkisins til að leggja í e-ð svona: peningar á Reykjum geta farið til uppbyggingar á Hvanneyri. GÁ hefur látið þau boð út ganga að ekki verði starfsemi á Reykjum í framtíðinni.

- 9 Rætt um tegundaval Skjólsskóga, sýndur fyrirlestur AÓ/SP um það efni frá ráðstefnu Græna geirans í sept.sl.

Fleira ekki gert. AS/SP